



## 4. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 12. júní 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður sem stýrir fundi, Lárus Blöndal (LB) annar varaformaður, Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri, Herbert Arnarson (HA) og Jón Bender (JB).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður, Ágúst Angantýsson (ÁA), Einar Hannesson (EH) og Heiðrún Kristmundsdóttir (HK).

HSJ ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt rafrænt og hefur verið birt á kki.is.

### 2. Skipan fastanefnda

Samþykkt hverjir munu sitja í fastanefndum fram að næsta Körfuknattleiksþingi vorið 2025. HSJ falið að heyra í viðkomandi einstaklingum.

### 3. Reglugerðarbreytingar

Lagðar fram tillögur til umræðu um breytingar á reglugerðum um aga- og úrskurðarnefnd og félagaskipti. Óskað eftir efnislegum athugasemdum stjórnarmanna fyrir 26. júní. Verður tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

### 4. Bréf og tillaga frá Vestra

Erindi barst til stjórnar frá Vestra þar sem lagt er til að heimila í ákveðnum tilfellum að leikmenn í yngri flokkum geti leikið niður fyrir sig í aldri. Samþykkt að vísa tillögunni til mótanefndar og mótastjóra til umsagnar og tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

### 5. Afreks- og landsliðsmál

Eins og ávallt á vorin og yfir sumartímann er í nægu að snúast er kemur að landsliðs- og afreksmálum. HA og HSJ fóru yfir ýmis mál og góðar umræður urðu um þau.

Átakið “Pinn styrkur - þeirra styrkur” sem miðaði að því að styðja beint við yngri landslið okkar fékk mikil og góð viðbrögð í þjóðfélaginu. Það ýtti við mörgum og urðu til góðar umræður um kostnaðarþátttöku leikmanna og fjölskyldna þeirra í yngri landsliðum Íslands í körfunni og öðrum íþróttagreinum. Því miður þá fylgdi fjármagnið ekki með þessum góðu viðbrögðum. Það söfnuðust 687.500. KKÍ greiddi fyrir auglýsingar og annað tengt átakanu 300.000 en fékk einnig mjög stóran hluta af auglýsingum frítt út á samninga okkar sem og góðvild og skilning fjölmiðla.

## 6. FIBA Europe þing 18.-20. maí sl.

Mjög gott þing, mjög ánægjulegt að sjá hvað málflutningur KKÍ er að ná í gegn í mörgum málum. HSJ kosinn inn í stjórn með 43 atvæðum af 50 og hlaut eina bestu kosninguna. Jorge Garbajosa, sá sem KKÍ studdi í kjörinu, var kosinn forseti með 35 atkvæði af 50. Mikið framundan á þessum vettvangi og ljóst að Ísland mun fá aukið vægi inni í FIBA með þessum kosningum. Við getum komið okkar gildum betur á framfæri og þeim málum sem við, ásamt Norðurlöndunum, höfum barist fyrir.

## 7. Framtíðarsýn

ÁA, HK, GNE og HSJ tóku góðan fund nýlega og fóru yfir málin frá ýmsum hliðum. Verður farið betur yfir á næsta fundi.

## 8. Fjármál

GK fór yfir endurnýjaða fjárhagsáætlun. Eins og staðan er núna stefnir í þriggja milljóna króna tap á árinu en það er þó mikill óvissu háð. Umræður um fjármálin.

## 9. Nokkur mál til upplýsinga og umræðu

Staðan í samningamálum við dómara. Haldnir hafa verið tveir fundir undanfarnar vikur og verður fundað áfram á næstu dögum. Fyrir hönd félaganna taka þátt í viðræðunum Atli Björn Þorbjörnsson (Breiðablik), Jóhanna Hjartardóttir (Pór P.) og Ingibergur Jónasson (Grindavík). EH stýrir viðræðum fyrir hönd KKÍ.

Nýtt mótakerfi og ný heimasíða. Allt í vinnslu en tekur aðeins of langan tíma eins og gengur og gerist þegar ný kerfi eru tekin í notkun. Lögð hefur verið áhersla á mótakerfið þar sem það liggur á því enda er verið að nota það við skráningar og vinnu við mótamál næsta tímabils. Vinna við heimasíðuna hefst síðar.

Fundur með unglingaráðum 2. sept – búið að boða fundinn.

Sjónvarpsmál, góðar viðræður við Stöð 2 Sport og munu þær halda áfram.

Veðmálaréttur – búið er að funda með þremur fyrirtækjum og verða viðræður áfram á næstu vikum. Verið að horfa til samninga frá næsta ári það 1. ágúst 2024-2028/2029. Mikil áhersla er af hálfu KKÍ á að félögin í efstu deild fari að sjá góðar og sanngjarnar greiðslur fyrir sjónvarps- og veðmálaréttinn.

## 10. Önnur mál

Næsti fundur verður mánudaginn 3. júlí kl. 17:00.

**Fundi slitið 19:05**